

Ed.

123. Nefndarátt

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður hæstvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, að lágmark sekta verði sett 20 kr. og hámarkið 500 kr.

Nefndinni virðist isjárvert að samþykkja brtt. á þskj. 70, um að lögbjóða undanþágu um lokunartíma tóbaksverslana og sælgætis; telur það skerðing á samþyktaivaldi því, er bæjarstjórnun er veitt með lögunun.

Hins vegar þykir rjett að rýmka samþyktaivald á þessu sviði i þá átt, að stytta megi lokunartíma sjerverslana, gegn árgjaldi, er samþyktaivaldið ákveður.

Leggur nefnðin því til, að hv. deild samþykki frv. með 2. brtt. á þskj. 70 og eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í samþykt má enn fremur ákveða, að veita megi sjerverslunun undanþágu, að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár i senn, og renna skal i bæjarsjóð.

2. Við 1. gr.

Í stað orðanna »100—1000 krónur« komi:
20—500 krónur.

Alþingi, 13. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form.

Jób. Jóhannesson,
fundaskr.

Magnús Torfason,
ritari.